

11
18. febr.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir

Flateyrarkauptún.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Flateyrarkauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því. Þar til skipulagsuppdráttur verður gerður, gildir samþykktin innan verzlunarlóðarinnar.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingarleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því, er byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykktar byggingarnefndar.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Hreppsnefnd getur gefið byggingarnefnd umboð til þess að veita byggingarleyfi, án þess að borið sé undir hreppsnefnd.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar, eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til atvinnumálaráðuneytisins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sé formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsþúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.

2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok. 11
18. febr.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykktur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmaður, ef minnst þrjú nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfi má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingarmálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingarfulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Byggingarnefnd getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýmis smávægileg byggingarleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skyld er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurétt.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim

Þar til fullkominn skipulagsuppdráttur verður lagður fram, skal byggingarnefnd, eftir reglum er hún sjálf setur og hreppsnefnd samþykkir, ákveða hvernig byggingu skuli hagað, hvar auð svæði og götur skuli vera, breidd milli húsaða, hvar staði skuli ætla opinberum byggingum, hvar hús skuli vera sambyggð o. s. frv.

II. KAFLI.

Ákvæði um húsagerð.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmi-
legri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi
innan þess svæðis, sem lög þessi ná til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að
nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er bygg-
ingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur
í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna um-
ferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við
götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2,00 metrar, og
myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungu-
myndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrrgreindum sniðfleti en
0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru
sniði en fyrr er greint, ef það er álitid æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband“) má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er
talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem bygð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulinu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulinu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með. 11
18. febr.

Veggssvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slik framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna húsnæðisins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, allt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyrr er sagt um inngönguriðið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstétt, nema með leyfi byggingarnefndar.

11
18. febr.

Um hæða húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegg hæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó mó hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.

2. Vegg hæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegg hæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað vegg hæðin skuli miðuð.

Ef byggingarnefnd álitur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegg hæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.

3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þess konar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

Gloggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metrar. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistunum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegg hæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við lártan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

Byggingarnefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

11
18. febr.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsupprætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

- a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
 - b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
 - c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærra vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi lárétt stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
 3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
 4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmíðjur.
 5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
 6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

11

18. febr.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegg hæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gaflí að, skal vegg hæð þess talin upp í mitt ris.

Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nággranna en 3,15 metra.

2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbyggð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nággrannahúsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðaskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólþveita.

18. gr.

Ef skólþveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólþveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef byggingarnefnd álitur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan.

Ekki má veita skólþi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólþveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólþveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús séu sambyggð með lágum milli-
byggingum.

11
18. febr.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynna en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarvegs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafast niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvilyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlim eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynna á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema litilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement, eða annað vatnsfelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

11
18. febr.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metrar, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metrar, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárni, hellum o. þ. h. sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en 0,23 metra séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja út steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigenda geti rifið vegginn meðan annað hvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir allsstaðar ná fast upp að yztu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.) en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metra.

Þök.

23. gr.

- 1 Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10×10 sentimetrar 0,18 metra.

beint niður undan sperrum og skambitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. **11**
18. febr.

Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn. Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1,25 metrar, undir málm- og pappabök á timbursúð, en allt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en $2\frac{1}{2}$ sentimetrar (1") og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járníð.
3. Gafllveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trébitar, trégólf og milligólf.

24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

Þar sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0,16 metra (6") á hæð og 0,13 metra (5") á breidd, þegar bitahafið er allt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið fer fram úr 3,15 metrum.

Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hér er ákveðið.

Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sé skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.

2. Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gafllveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3,2 sentimetrar ($1\frac{1}{4}$ ").

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki

11
18. febr.

þynnri en 2 sentimetra ($\frac{3}{4}$ "), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykkt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurt áður en gólfborð eru lögðu yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfellt, skal gólfíð vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.

4. Þar sem bitar ganga úti steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metrar.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sé en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypa járnumgerð.

Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

11
18. febr.

Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar.

2. Allir tréstigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metra og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3. c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0,75 metra, á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þéttum spölum, að ekki sé hætta á, að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórri vera á milli þeirra en 0,80 metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vidd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.

7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sé breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórri vera en 0,21 metri nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og baksstigum ekki mjórri en 0,17 metra.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hættu af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

11
18. febr.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

- a. Að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.
Hurðir, veggpiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.
- b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða bakdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré.
- c. Að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulinu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru herra frá gólfi en 2,10 metrar

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en $0,50 \times 0,50$ metra; bæði glugginn og karmurinn sé úr járn eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu. Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingar-

nefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

11
18. febr.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sé fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0,12 metra á þykkt, og vidd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vidd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minnsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.
Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viðna, ekki minna en 0,23 metra, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viðna. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fóttlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu; skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0,23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hörnin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, en sé þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra viðan reykháf má ekki setja reykþípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja þípu, þannig gerðan, að þípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.
8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minnst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álitur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafizt þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.

11
18. febr.

Ef reykháfurinn veitur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.

10. Á hverjum reykhaf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykhafnum, og traust járnhurð fyrir í járnurgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykþípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir séu þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metri sé á milli.
3. Þípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0,21 metri sé á milli. Þær skulu liggja í reykhaf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 metra, skal setja minnst 0,12 metra þykkann vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steiptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opin eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnþentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um húsið, að byggingarnefnd telji öruggt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykþípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reyk-

háfinn. Eigi má reykþípan, á leið út í reykþáf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykþáfi. Skal þípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykþípa má eigi vera nær tré en 0,21 metra. Ef hún liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær tré en 0,21 metra.

Ef hné er á reykþípu, skal það vera með spjalði, sem hægt er að taka af til að hreinsa þípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.

3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólfleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metrar; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórara vera en 1,70 metrar, og gólfplöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmaal glugga má minnst vera $\frac{1}{2}$ af gólfletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á mótí norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga mótí öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má bygg-

11
18. febr.

- ingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu, og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi $\frac{1}{12}$ af gólfleti herbergis.
 4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
 5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
 6. Veggir skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfhlötur þeirra eigi minni en $0,80 \times 0,70$ metra.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1 : 4 : 7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggir og undirstöður má gera úr steypu 1 : 4 : 8.

Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrir er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli

þeirra svo holulaus verði. Allsstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir. 11

18. febr.

Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1 : 4 : 7, skal vera sem hér segir:

a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vana- legum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

Ef húsið er porthyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metra. Sé portið herra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álitur með þurfa

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða solum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegg hæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járn bent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyra- op, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggir en fyrr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir séu þykkir milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

- 11
18. febr.
3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.
- Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.
- b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stig-ar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin vera allt að 0,08 metra.
- c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnin bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.
- d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a-, b- og d-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.
- e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en $\frac{1}{3}$ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari $\frac{1}{8}$ af hæð hans, nema í honum sé járn-bendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.
4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrir er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleika þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggj utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.

7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steypfir eru eða hlaðnir úr grásteini, steypum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. 11
18. febr.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.
 - a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergisdýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar (4×4''), á neðri hæð 10×13 sentimetrar (4×5'') og hornstafir 13×13 sentimetrar (5×5''). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5,50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentimetra (1''). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álitur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjállir en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu verða skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingar-

11
18. febr.

nefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en 13×13 sentimetrar ($5 \times 5''$), þó að stafir í veggnum séu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en $6\frac{1}{2}$ sentimetri ($2\frac{1}{2}''$). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

- b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum $2\frac{1}{2}$ sentimetra ($1''$) þykkum, og skal negla þau vandlega í alla víði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járn og pappi komi $1\frac{1}{2}$ sentimetra ($\frac{1}{2}''$) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef hús-in standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar ($\frac{3}{4}''$), eða annað lag ekki lakara.

- c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra ($4 \times 4''$) á neðri hæð, og 8×10 sentimetra ($3 \times 4''$) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri víði, ef byggingarnefnd álitur að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari víða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

- d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra ($\frac{3}{4}''$) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3,2 sentimetra ($1\frac{1}{4}''$) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggir, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
- e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum“).
- f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.
- g. Nota má máttarvíði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

11

18. febr.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metrar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámark niður.

Skemmur og vörugymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugymsluhús er engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa ekki hærri að vera en 2,00 metrar þó má vegg hæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar ekki vera yfir 8,00 metrar. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur byggingarnefnd leyft að þeir séu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2"). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólini, eða

11 18. febr. öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvikjandi, sem byggingarnefnd álitur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álitur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

Hús, þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smiðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir sliakra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafn-eldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Pegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggivalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

11

18. febr.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmiði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI.

Byggingarefni. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar til að framkvæma verkið.

Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sé veitt.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:

- a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.

- b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megji af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsoppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

- c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.
- d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að

11
18. febr.

minnsta kosti 1 : 20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.

- e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.
3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaefnd sé átt við.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu vikja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og bygginguani meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
 - a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
 - b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í vegg,
 - c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
 - d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitar-sjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

11
18. febr.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framfarlega sem það, er fer í bága við samþykktina hafi sézt ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsinga-spjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að álitu byggingarnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innar ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir samilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafn skjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónur, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði

11 samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt sam-
18. febr. þykktinni. Ella sé það rífið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

53. gr.

Til þess að breytingar á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. okt. 1905 sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

12
19. febr.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir

Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir svæði það af verzlunarlóð Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem skipulagsuppdráttur nær yfir, svo og fyrir Vestdalseyri frá Vestdalslæk inn að Háubökkum og yfir Fjarðarströnd út fyrir strandareignina. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og bæjarstjórn mæla með því.